

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Styrktarsjóð Tónlistarskóla Ísafjarðar.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Tónlistarskóla Ísafjarðar og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur. Heimili sjóðsins og varnarþing er á Ísafirði.

#### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 1.045.000 kr. og skal sú upphæð haldast óskert í sjóðnum. Stofnandi er Styrktarsjóður Tónlistarskóla Ísafjarðar, kt. 701296-5919, sem leggur fram stofnféð.

Stjórn sjóðsins er skylt að ávaxta fé sjóðsins á tryggilegan hátt með arðsemi að leiðarljósi.

#### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast og gjafafé. Féð skal varðveitt í ríkistryggðum skuldabréfum eða með innlánnum á bankareikninga og þá í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins.

#### 4. gr.

Hlutverk sjóðsins er að vera sameiginlegur aðili þeirra sem vilja styrkja og styðja Tónlistarskóla Ísafjarðar til hagsbóta fyrir starfsemina og samfélagið. Þannig er það tilgangur sjóðsins að fjármagna kaup á tækjum og veita styrki vegna Tónlistarskóla Ísafjarðar. Verði sjóðnum slitið skulu eignir hans renna til Tónlistarfélags Ísafjarðar til eflingar Tónlistarskóla Ísafjarðar.

#### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn búsettir í Ísafjarðarbæ, þar af einn tilnefndur af Tónlistarfélagi Ísafjarðar og skal hann vera formaður stjórnar, einn tilnefndur af Tónlistarskóla Ísafjarðar og einn tilnefndur samkvæmt ábendingu stjórnar sjóðsins. Skipunartími stjórnar er fimm ár.

Segi stjórnarmaður af sér eða flytji hann úr Ísafjarðarbæ skal tilnefna nýjan stjórnarmann út skipunartíma sitjandi stjórnar.

Fyrsta stjórn sjóðsins er þó skipuð samkvæmt ákvörðun aðalfundar Styrktarsjóðs Tónlistarskóla Ísafjarðar: Jón Páll Hreinsson formaður, Guðrún M. Karlsdóttir og Ingunn Ósk Sturludóttir.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og skal færa í gerðabók skipulagsskrá þessa, niðurstöður ársreiknings og allar samþykktir sjóðstjórnar, þ.m.t. ákvarðanir um úthlutun fjár til einstakra verkefna.

Fjárvarsla sjóðsins verður í höndum stjórnar en heimilt er að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um fjárvörslu eigna sjóðsins. Fjárfestingarstefna skal borin undir stjórn sjóðsins.

#### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við faglega stjórnendur Tónlistarskóla Ísafjarðar við ákvörðun um úthlutun styrkja og tækjakaup.

Við ákvarðanir innan sjóðsins, þ. á m. um úthlutun, ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna.

#### 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Sjóðstjórn skal semja reikninga fyrir júnílok ár hvert og skulu þeir endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda á Ísafirði starfi hann þar eða öðrum slíkum sé hann ekki starfandi þar. Stjórn sjóðsins skipar löggiltan endurskoðanda fyrir sjóðinn til tveggja ára í senn. Endurskoðuðum ársreikningum og árituðum skal skilað til Ríkisendurskoðunar. Fyrsta reikningstímabil sjóðsins er frá stofnun hans til næstu áramóta.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir störf sín.

8. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 4. grein hér að ofan eða skyldra markmiða.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 15. apríl 2014,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

\_\_\_\_\_  
*Lára Kristín Gísladóttir.*